

# Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs  
Dags. 2. júlí 2025  
Mnr. 2025070010



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - ný samþykkt um búfjárhald

Núgiltandi samþykkt um búfjárhald er frá 2016. Rætt hefur verið um hjá núverandi bæjarstjórn og fyrrum bæjarstjórn að uppfæra þurfi samþykktina. Á árinu 2020 bókaði umhverfis- og framkvæmdanefnd að starfsmanni væri falið að breyta samþykkt um búfjárhald vegna reglna um fiðurfé. Þá var umræða í nefndinni í maí 2021 um breytingar á samþykktinni, en ekki var unnið frekar með málið.

Ný samþykkt tekur mið af fyrri umræðum og ábendingum auk samþykktanna annarra sveitarfélaga, sem birtar hafa verið í Stjórnartíðinum frá árinu 2018, þ.e. frá Skagafirði, Þingeyjarsveit, Suðurnesjabæ, Dalvíkurbyggð, Borgarbyggð, Fjarðarbyggð og Fjallabyggð.

Samþykktin tekur mið af lögum um búfjárhald og lögum um velferð dýra.

Engar stórar stefnubreytingar eru í samþykktinni, þó nokkur þrengri skilyrði eru sett um leyfi fyrir fiðurfé/alifuglum í samræmi við fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir að búfjárhald á lögbýlum sé heimilað, og án leyfis sveitarstjórnar. Búfjárhald utan lögbýla og innan þéttbýlis er háð samþykki sveitarstjórnar.

Gert er ráð fyrir að umhverfis- og framkvæmdanefnd fari með málaflokkinn, og skipulags- og umhverfisfulltrúi sem starfsmaður nefndarinnar sem vinnur málin fyrir nefndina. Gert er ráð fyrir fullnaðarafgreiðsluheimildum nefndarinnar í viðauka við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar sem unnið er að þessar vikurnar, hvað varðar leyfisveitingar og eftirlit, í stað þess að umsóknir um leyfi fari fyrir bæjarstjórn.

Þá eru sett inn ákvæði til bráðabirgða sem skyldar aðila sem ekki eru með leyfi, en ættu að vera með það samkvæmt samþykktinni (og hefðu átt að vera með það skv. samþykkt frá 2016) að sækja um leyfi innan 12 mánaða.

**Sviðsstjóri óskar eftir að fá að sitja fund umhverfis- og framkvæmdanefndar við fyrirtöku málsins, til að heyra umræðu málsins og ef óskir um frekari breytingar á samþykktinni koma fram.**

- **Setja þarf gjaldskrá um handsömun dýra – í kjölfar samþykktar og birtingar.**
- **Uppfæra þarf umsókn um leyfi fyrir búfjárhaldi í *Þjónustugátt* sveitarfélagsins.**

**Lagt er til við umhverfis- og framkvæmdanefnd að vísa málinu til samþykktar í bæjarstjórn. Samþykktin þarf eina umræðu í bæjarstjórn, auk umsagnar Bændasamtaka Íslands, sb. 4. gr. l. 38/2013, auk birtingar í Stjórnartíðindum.**